



## Minnisblað

**Viðtakandi** Allsherjar- og menntamálanefnd  
**Sendandi** Mennta- og barnamálaráðuneyti

**Dagsetning** 23.11.2023  
**Málsnúmer** MRN23110699

### **Vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.). (154. lögb., 240. mál)**

#### Inngangur

Með tölvupósti 21. nóvember sl. óskað allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir minnisblaði frá mennta- og barnamálaráðuneyti þar sem fram komi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem hafa borist um 240. mál – breyting á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.). Hér á eftir fer umfjöllun mennta- og barnamálaráðuneytis um umsagnir sem hafa borist nefndinni og ráðuneytið telur ástæðu til að bregðast við.

Alls bárust 9 umsagnir um frumvarpið en frumvarpið er endurflutt frá 153. löggjafarþingi og sumar efnislega sambærilegar þeim sem umsagnaraðilar veittu við fyrra þingmál. Margar umsagnir voru almennt jákvæðar í garð frumvarpsins og má þar m.a. nefna umsögn félagsráðgjafafélags Íslands, umboðsmanns barna, Reykjavíkurborgar og UMFÍ.

#### Þátttaka nemenda

Þátttöku nemenda í stefnumótun og gerð aðalnámskrár og skólanámskrár er fagnað í umsögnum Reykjavíkurborgar, umboðsmanns barna og Félags framhaldsskólakennara, þar sem sérstaklega er tekið fram að slíkt sé mikilvægur liður í að gera nám á framhaldsskólastigi aðlaðandi.

Í umsögn Félags grunnskólakennara kemur fram að félagið telji óljóst með hvaða hætti eða hver beri ábyrgð á að því sé fylgt eftir að nemendur komi að gerð stefnu um grunnskólahald. Í 1. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélaginu og því skýrt að mati ráðuneytisins hver ber þá ábyrgð. Einnig kemur fram í umsögn félagsins að það telji að viðmið skorti til að vinna eftir fyrir skóla og sveitarfélög þar sem fjallað er um aukið nemendalýðræði. Af því tilefni vill ráðuneytið benda á að útfærslur nemendalýðræðis geta verið með ýmsu móti og skólar hafa svigrúm til að útfæra það. Til að styðja skóla hefur ráðuneytið meðal annars styrkt verkefni „réttindaskóli- og frístund“ og „barnvæn



## Minnisblað

sveitarfélög“ sem UNICEF heldur utan um, m.a. á grundvelli þingsályktunar um stefnu um barnvænt Ísland nr. 28/151 sem samþykkt var á Alþingi 10. júní 2021. Í gegnum verkefnin fá skólar og sveitarfélög stuðning og efni frá UNICEF sem stuðlar að virku lýðræði nemenda og barna innan skóla og sveitarfélaga.

Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að borgin telji að breytingin sem lögð er til í 19. gr. frumvarpsins á 13. gr. laga um grunnskóla geti verið túlkuð sem svo að um sé að ræða hagsmuni hvers og eins nemanda frekar en nemendahópsins og merkingin þannig þrengd. Þar er því lagt til að halda 6. og 7. málsl. 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla óbreyttum. Vegna þessa bendir ráðuneytið á að líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla ekki í fullu samræmi við 12. gr. barnasáttmálans. Með frumvarpinu er ekki ætlunin að þrengja að rétti barns eða barna til að tjá sig um málefni sem þau varða heldur samræma orðalag við barnasáttmálann sem tryggir börnum víðtækan rétt til að tjá sig um málefni sem þau varða og skyldu til að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Í frumvarpinu er bæði talað um nemendur í fleirtölu í fyrri málslíð a-liðar 19. gr. og nemanda í eintölu sem varðar úrlausn máls í seinni málslíð a-liðar 19. gr. Að mati ráðuneytisins er því ljóst að ekki er verið að takmarka rétt barna til að tjá sig um málefni sem þau varða með breytingartillögunni. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á að umboðsmaður barna hefur ekki gert athugasemd við útfærslu á ákvæðinu með framangreindum hætti heldur fagnar henni en bendir jafnframt á hvort ástæða sé til að skoða ákvæði 33. gr. laga um framhaldsskóla til samræmingar. Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið ekki ástæða til að gera þá breytingu sem Reykjavíkurborg leggur til og mun taka tillögu umboðsmanns barna til frekari athugunar í ráðuneytinu.

### Stuðningsteymi, tengiliðir og málstjórar

Í nokkrum umsögnum er fjallað um tengiliði, málstjóra og stuðningsteymi. Til að mynda kemur fram í umsögnum Félags grunnskólakennara og Félags framhaldsskólakennara sú afstaða félaganna að hugtök séu óskýr og skorti verkferla. Mennta- og barnamálaráðuneytið vill af því tilefni leggja áherslu á að fjallað er um verkefni og hlutverk tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022. Nú um áramótin verða liðin tvö ár frá því að lögin tóku gildi en gert var ráð fyrir þriggja til fimm ára innleiðingartímabili. Að því loknu má gera ráð fyrir að allir verkferlar liggi fyrir og að fullum skýrleika verði náð við beitingu hugtaka og framkvæmd verkefna laganna. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er einmitt liður í því að svo megi verða.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er lagt til að gert sé ráð fyrir því að starfsfólk grunnskóla, félagsmiðstöðva og frístundaheimila taki ávallt sæti í stuðningsteymi en ekki eftir atvikum



## Minnisblað

líkt og lagt er til í 18. og 28. gr. frumvarpsins. Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ber málastjóra að stofna stuðningsteymi þar sem fulltrúar þjónustuveitenda sitja í sem veita barni þjónustu, sbr. 22. gr. laganna. Grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eru skilgreindir þjónustuveitendur samkvæmt lögnum og setjast í teymið ef þeir veita barninu sem um ræðir þjónustu. Ráðuneytið telur, í það minnsta að svo stöddu, að ekki sé ástæða til að binda í lög aðkomu tiltekins starfsfólks að teymisvinnu skv. lögum nr. 86/2021. Ráðuneytið tekur þó undir með Reykjavíkurborg að gera má ráð fyrir að þessir aðilar taki í langflestum tilvikum sæti í stuðningteymum samkvæmt lögnum.

### Stuðningur við nemendur í skólum og aðgengi að þjónustu

Í nokkrum umsögnum er fjallað um stuðning við nemendur í skólum. Í umsögn Félags framhaldsskólakennara kemur fram að lagaumgjörð um skólaþjónustu sé of óljós um það hverjir skuli vinna hvaða verkefni. Þá er í umsögn Félagsráðgjafarfélags Íslands fjallað um mikilvægi þess að fjölga félagsráðgjöfum í skólum. Mennta og barnamálaráðuneyti vill í því sambandi vekja athygli á vinnu sem nú stendur yfir innan ráðuneytisins um frumvarp um skólaþjónustu þar sem fjallað verður m.a. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og verkefni skólaþjónustu þar sem verið er að formfesta heildarskipulag þjónustunnar. Til stendur að leggja frumvarpið fram á 154. löggjafarþingi. Verða framagreindar athugasemdir teknar inn í þá vinnu.

Þá er athygli vakin á biðlistum barna eftir þjónustu í umsögn umboðsmanns barna og þroskahjálpar. Mennta- og barnamálaráðuneytið er meðvitað um þessa stöðu og hefur m.a. fjármagn verið aukið til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar á undanförunum árum ásamt Barnahúsi. Þá hefur einnig verið aukið fjármagn til Barna og fjölskyldustofu sem nýst hefur m.a. í MST meðferðarúrræði til að þjónusta fleiri börn og draga úr bið eftir þjónustu. Þá er verið að taka til endurskoðunar úrræði í málefnum barna með fjölþættan vanda í samvinnu við önnur ráðuneyti. Um er að ræða yfirstandandi vinnu, sem ráðuneytið hefur unnið m.a. í samvinnu við önnur ráðuneyti sem veita börnum þjónustu. Samhliða þeim aðgerðum telur ráðuneytið skipta máli að styðja við samþættingu þjónustu, eins og lagt er til í frumvarpinu, enda muni aukin samþætting þjónustu frekar styðja við en hitt að stytta bið barna eftir þjónustu.

### Staða barna sem eiga foreldra sem búa ekki saman

Í umsögn frá einstaklingi er fjallað um stöðu barna sem eiga foreldra sem búa ekki saman. Er þar m.a. vísað í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og lögð til frekari kortlagning á stöðu barna og fjölbreyttu nútíma fjölskyldumynstri ásamt því að vinna skilgreiningar á hlutverkum þeirra sem koma að málefnum barna ef foreldrar barnsins búa ekki saman. Vegna umsagnarinnar leggur mennta- og barnamálaráðuneytið áherslu á að



## Minnisblað

frumvarpið sem slíkt fjallar ekki um stöðu barna sem eiga foreldra sem búa ekki saman. Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er mælt fyrir um þjónustu sem er aðgengileg foreldrum og er þar ekki gerður greinarmunur á því hvort foreldrið er með sama lögheimili og barnið. Þá vekur ráðuneytið athygli á því að dómsmálaráðuneytið hefur hafið vinnu við endurskoðun barnalaga nr. 76/2003 þar sem m.a. er fjallað um forsjá og búsetu barna. Telur ráðuneytið ekki að ástæða sé til að bregðast við þessari umsögn í tengslum við 240. mál.

### Þarfir fatlaðra barna o.fl.

Í umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka er m.a. lagt til að frumvarpið verði sérstaklega skoðað og rýnt m.t.t. þarfa og réttinda fatlaðra barna og að tryggt verði samræmi í lögum við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Vegna athugasemdarinnar leggur mennta- og barnamálaráðuneytið áherslu á að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 hafa verið rýnd ítarlega út frá þörfum fatlaðra barna. Sú rýni leiddi meðal annars til setningar laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur), nr. 78/2022, þar sem ákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 voru aðlöguð að lögum nr. 86/2021. Segja má að málið sem hér er til umfjöllunar sé framhald af því frumvarpi. Eins og fjallað er um í kafla 4 í frumvarpinu er það afstaða ráðuneytisins að efni frumvarpsins samrýmist þeim mannréttindasamningum sem íslenska ríkið er aðili að. Telur ráðuneytið ekki ástæðu til sérstakra viðbragða vegna umsagnar ÖBÍ.